Aðalfundur Bárunnar félags smábátaeigenda

Hafnarfjörður – Garðabæ

Fundurinn var haldinn Fjörukránni laugardaginn

29. september 2012

Á fundinum voru samþykktar eftirfarandi ályktanir:

1. Aðalfundur Bárunnar haldinn í Hafnarfirði 29 sept. 2012 beinir því til aðalfundar LS að sett verði á fót nefnd sem fjallar um málefni makrílveiðimanna. Nefndin starfi milli aðalfunda og verði skipuð fimm mönnum sem kosnir eru á aðalfundi. Framkvæmdastjóri LS starfi með nefndinni og sjái um boðun funda.

2. Aðalfundur Bárunnar gagnrýnir harðlega Steingrím J. Sigfússon að fara blint eftir ráðleggingum Hafró að skera niður ýsukvótann.

3. Að áhersla verði lögð á að leita allra leiða til að koma í veg fyrir afnám sjómannaafsláttarins.

4. Að aðalfundur Bárunnar fordæmir ofur skattlagningu á sjávarútveginn sem mun draga allan mátt úr greininni og verða til þess að hann verði ósamkeppnishæfur.

5. Stækkun krókabáta verði óbreytt.

6. Að fækka dögum á grásleppuveiðum og lengja tímabilið sem menn meiga velja um.